

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 9. fundur.

að Hlíðavegi 6, 15. nóvember 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fulltrúi á aðalfund Grand hótels Mývatn.
3. Endurskoðuð tillaga að stefnu fyrir landnýtingar og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi.
4. Erindi dags. 1. nóv. frá Jóni Helga Björnssyni framkvstj. Héraðsnefndar Þingeyinga, þar sem óskað er afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögum að breyttri starfsemi Héraðsnefndar.

Til kynningar.

Afrit af bréfi til Landgræðslu ríkisins, frá upprekstararaðilum Austurafréttar þar sem mótmælt er uppsögn á landbóta- og landnýtingaráætlun fyrir Austurafrétt.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.

2. Fulltrúi á aðalfund Grand hótels Mývatn.

Aðalfundur Grand hótels Mývatns verður haldinn föstudaginn 17. nóvember n.k. Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Guðrún María Valgeirsdóttir.

3. Endurskoðuð tillaga að stefnu fyrir landnýtingar og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi.

Borist hefur endurskoðuð tillaga að stefnu fyrir landnýtingar- og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi.

Tillagan er eftirfarandi.

Stefna um landnýtingar- og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi Tillaga samvinnunefndar sveitarfélaga og orkufyrirtækja 2. nóvember 2006

Vegna áforma um orkufrekan iðnað við Húsavík er nú unnið að undirbúningi virkjunar háhitasvæðanna á Peistareykjum og í Gjástykki ásamt frekari virkjunum í Kröflu og Bjarnarflagi. Orkufyrirtækin Peistareykir ehf. og Landsvirkjun hafa haft frumkvæði að gerð landnýtingar- og verndaráætlunar fyrir svæðin, sem verður mikilvægur þáttur í undirbúningi verkefnisins. Í júlí 2006 var skipuð samvinnunefnd um gerð áætlunarinnar. Í henni sitja fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem fara með skipulagsmál á svæðinu, þ.e. Norðurþings, Skútustaðahrepps, Aðaldælahrepps og Þingeyjarsveitar auk fulltrúa orkufyrirtækjanna. Eftir að nefndin hóf störf var óskað eftir samstarfi við Landsnet, sem sér um flutning raforkunnar, og tók fulltrúi fyrirtækisins sæti í nefndinni. Náttúrustofa Norðausturlands og Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. voru ráðin til þess að vinna að gerð áætlunarinnar í samvinnu við sveitarfélögin og orkufyrirtækin.

Í samráðsnefndinni eru:

Ásvaldur Æ. Þormóðsson	Þingeyjarsveit
Gaukur Hjartarson	Norðurþing
Halldóra Jónsdóttir	Aðaldælahreppur
Margrét Hólm Valsdóttir	Skútustaðahreppur
Hreinn Hjartarson	Orkuveita Húsavíkur, Peistareykir ehf.
Árni Gunnarsson	Landsvirkjun, Peistareykir ehf.
Árni Jón Elíasson	Landsnet hf

Tilgangurinn með gerð landnýtingar- og verndaráætlunar er fyrst og fremst sá að samþætta nýtingu og vernd þannig að tekið verði tillit til náttúrufars og náttúruverndarsjónarmiða eins og framast er kostur við hugsanlegar virkjanaframkvæmdir og mannvirkjagerð í tengslum við þær. Áætlunin verður sameiginleg stefnumörkun um náttúruvernd og landnýtingu á svæðinu og sem slík forsenda ákvarðana og ákvæða um landnotkun í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Nefndin hóf störf með því að setja fram frumdrög að stefnu fyrir áætlunina. Síðan voru haldnir nokkrir samráðsfundir með hagsmunaaðilum, stofnunum, áhugamannafélögum og landeigendum. Athugasemdir samráðsaðilanna og viðræður við þá gáfu tilefni til talsverðra breytinga frá frumdrögum stefnunnar. Drög að stefnunni voru síðan send sveitarfélögum til umsagnar, sem enn gaf tilefni til nokkurra breytinga.

Tillaga að stefnu fyrir landnýtingar- og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi var afgreidd á fundi samvinnunefndarinnar 2. nóvember 2006.

Leiðarljós

Í landnýtingar- og verndaráætlun háhitasvæða á Norðausturlandi skal lögð áhersla á að við virkjun og mannvirkjagerð alla verði tekið tillit til umhverfis og landslags, sjónarmiða um náttúruvernd og útivistargildi svæðisins svo og samfélagslegs ávinnings og hagkvæmni í orkuvinnslu.

Meginmarkmið

Náttúruvernd

- Við alla mannvirkjagerð og framkvæmdir skal taka mið af sérstöðu svæðisins og þess gætt að ekki verði raskað sérstökum jarðmyndunum eða náttúruminum, fágætum tegundum dýra og plantna og búsvæðum þeirra.
- Þess skal gætt að viðhalda landslagsheildum eins og framast er kostur.
- Í áætluninni verði verndarsvæði afmörkuð. Ekki verður heimilt að raska þeim með mannvirkjagerð.
- Við mat á umhverfisáhrifum einstakra þátta eða framkvæmda skal taka mið af svæðinu öllu og heildarumfangi hugsanlegra framkvæmda eftir því sem við á til þess að tryggja yfirsýn og samhengi.

Minjavernd

- Fullt tillit skal tekið til minjastaða, fornra þjóðleiða og annarra fornleifa á svæðinu. Forðast skal eftir föngum að þeim eða næsta nágrenni þeirra verði raskað. Við undirbúning framkvæmda, sem kunna að hafa áhrif á fornleifar, skal haft samráð við Fornleifavernd ríkisins.

Mannvirkjagerð

- Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við orkuvinnslu á svæðinu. Þess skal gætt að framkvæmdir gangi ekki á sérkenni þess.
- Leggja skal ríka áherslu á vandaða hönnun og frágang allra mannvirkja og taka mið af landslagi, náttúrufari og hagsmunum annarra atvinnugreina, m.a. hefðbundins landbúnaðar á svæðinu.
- Með undirbúningsrannsóknum verði leitað lausna sem miða að því að orkuvinnsla á svæðinu verði möguleg án þess að skerða svæði, náttúru- fyrirbrigði, beitiönd eða landslagsheildir sem eru verðmæt út frá útivistar-, náttúruverndar- og landbúnaðarsjónarmiðum.
- Gefi hin háhitasvæðin þrjú, Bjarnarflag, Krafla og Peistareykir, næga orku á þessu stigi verður ekki gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum í Gjástykki en rannsóknum, þ.m.t. rannsóknarborunum.
- Stefna skal að því að borholur verði sem mest á borteigum (tvær eða fleiri holur á sama plani) til þess að röskun lands verði í lágmarki. Vegagerð að borteigum verði hagað þannig að vegstæði nýtist sem lagnaleið.
- Staðsetning stöðvarhúsa og annarra mannvirkja skal taka mið af umhverfi, landslagi og annarri landnotkun. Vanda skal til útlitshönnunar bygginga og allra mannvirkja.

- Þess skal gætt að yfirborði hverasvæða verði ekki raskað með mannvirkjagerð umfram það sem orðið er. Á uppdrætti skal marka fjarlægð nýrra mannvirkja frá hverum og hverasvæðum með það að markmiði að þau hafi ekki áhrif á nánasta umhverfi þeirra.
- Við efnistöku skal gæta umhverfissjónarmiða sérstaklega. Nýta skal eftir föngum þær námur sem þegar eru opnar þar sem aðstæður leyfa.
- Með samþættingu ólíkra mannvirkja (t.d. vega og lína eða vega og lagna) verði leitast við að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir. Stefna ber að því að háspennulínur liggi í meginatriðum meðfram eða í námunda við aðalvegi.

Samgöngur

- Vegakerfi þarf að tryggja greiða leið milli virkjana og áfangastaða (Krafla – Gjástykki – Þeistareykir – Húsavík). Finna þarf hagkvæma leið á milli staða en jafnframt taka tillit til landslags og annarra mannvirkja (línur og lagnir). Núverandi vegir verði nýttir eftir því sem kostur er í því skyni. Skilgreindir verði þeir vegir aðrir, sem verða opnir almennri umferð.
- Aðalvegur verði heilsársvegur, veglína verði að jafnaði miðuð við 90 km/klst ökuhraða en lægri hraða þar sem landslag og staðhættir gefa tilefni til.
- Huga þarf að merkingu og nýtingu fornra þjóðleiða og gamalla vega og smalaslóða m.a. fyrir reiðleiðir og gönguleiðir.

Ferðabjónusta og útivist

- Á þessu stigi er ekki stefnt að uppbyggingu meiri háttar aðstöðu fyrir ferðamenn og ferðabjónustu inni á því svæði sem áætlunin nær til. Miðað verði við að þjónusta verði fyrst og fremst við jaðra þess, á Húsavík, í Ásbyrgi og við Mývatn.
- Komið verði fyrir upplýsingaspjöldum og helstu áfangastaðir ferðamanna gerðir aðgengilegir með viðeigandi hætti.
- Í orkumannvirkjum verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þá þjónustu sem nauðsynlegt verður talið að gera ráð fyrir á svæðinu s.s. hreinlætisaðstöðu og sorphirðu. Með því verði stuðlað að því að aukin umferð í kjölfar framkvæmdanna valdi ekki skaða á umhverfi og náttúru.
- Áhersla verði lögð á sögu og menningarminjar þegar svæðið verður aðgengilegra sem útivistarland. Í því sambandi má nefna brennisteinsvinnslu og búsetu um aldir á Þeistareykjum.

Hefðbundnar nytjar og landgræðsla

- Hefðbundnar nytjar verða áfram á svæðinu (afréttir, veiðilönd) og skal þess gætt að mannvirki takmarki þær ekki.
- Landgræðsla verður heimil innan skipulagsvæðisins þar sem hennar kann að vera þörf.

Með landnýtingar- og verndaráætluninni var áformað að samræma skipulagsákvæði og skipulagslínur sveitarfélaganna þannig að samhengi yrði í aðalskipulagi þeirra sem nauðsynlegt er fyrir framgang virkjanaáforma. Áætlunin sem þessi mun hins vegar ekki hafa neitt lögformlegt gildi sem skipulag fyrr en ákvæði hennar verða tekin inn í aðalskipulag sveitarfélaganna, hvers fyrir sig.

Eftir samráð og viðræður við starfsmenn Skipulagsstofnunar leggur samráðsnefndin til að áætlunin verði unnin sem svæðisskipulag sveitarfélaganna fjögurra í samræmi við 12. grein skipulags- og byggingarlaga og greinar 2.8 og 3.1.2 í skipulagsreglugerð. Með því fengi áætlunin lögformlega stöðu og yrði á formlegan hátt forsenda fyrir nýjar aðalskipulagsáætlanir og breytingar á gildandi aðalskipulagi sveitarfélaganna. Sveitarstjórn samþykkir fyrrgreinda tillögu og breytt fyrirkomulag við gerð áætlunarinnar þ.e. að hún verði unnin sem svæðisskipulag sveitarfélaga. Jafnframt skipar sveitarstjórn oddvita og sveitarstjóra í nýja samráðsnefnd sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar.

4. Erindi dags. 1. nóv. frá Jóni Helga Björnssyni framkvstj. Héraðsnefndar Þingeyinga, þar sem óskað er afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögum að breyttri starfsemi Héraðsnefndar.

Borist hefur bréf dags. 1. nóv. frá Jóni Helga Björnssyni framkvstj. Héraðsnefndar Þingeyinga, þar sem kynntar eru breytingar á hlutverki Héraðsnefndar. Á fundi Héraðsráðs 30. október var samþykkt að leggja það til við sveitarstjórnirnar sem aðild eiga að Héraðsnefnd að starfsemi á vegum nefndarinnar verði að mestu hætt. Stærsta breytingin sem lögð er fyrir er að Norðurþing yfirtaki rekstur Skóla- og félagsþjónustu Þingeyinga. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því að formaður eða framkvæmdastjóri Héraðsnefndar mæti á næsta fund sveitarstjórnar sem haldin verður 30. nóv. n.k. og fari yfir tillögurnar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttirón,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.